

4. gr.

Verkefnastjóri skal rökstyðja afgreiðslu sína á umsóknum samkv. 3. gr. innan 5 daga frá því að umsókn berst.

Nú synjar verkefnastjóri leyfisumsókn og skal athygli umsækjanda þá vakin á því, að hann getur skotið máli sínu til umhverfisráðs. Umhverfisráð skal þá taka umsóknina ásamt greinargerð verkefnastjóra til formlegrar afgreiðslu.

5. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, staðfestist hér með samkv. 6. mgr. 37. gr. sömu laga til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um verndun trjáa á Akureyri nr. 445/2001.

Umhverfisráðuneytinu, 29. maí 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

REGLUR

um maka- og umönnunarbætur.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekju-tryggingu almannatrygginga. Jafnframt er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða öðrum sem halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega umönnunarbætur sem nema sömu fjárhæð og makabætur.

2. gr.

Heimilt er að greiða maka- eða umönnunarbætur, sbr. 1. gr., ef um er að ræða sameiginlegt lögheimili lífeyrisþega og þess sem annast um hann. Jafnframt skal sýnt fram á tekjuleysi eða tekjutap umsækjanda eða lífeyrisþega.

3. gr.

Umsókn um maka- eða umönnunarbætur skal fylgja læknisvottorð þar sem tilgreind er umönnunarpörf lífeyrisþegans. Jafnframt skal lögð fram staðfesting á tekjutapi eða tekjuleysi.

4. gr.

Heimilt er að greiða maka- eða umönnunarbætur í allt að tvo mánuði til viðbótar þegar lífeyrisgreiðslur falla niður vegna sjúkrahúsvistar, sbr. 5. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

5. gr.

Bætur samkvæmt reglum þessum skulu ekki ákvarðaðar til lengri tíma en sex mánaða í senn. Séu fyrir hendi skilyrði fyrir áframhaldandi greiðslu bóta skal umsækjandi skila inn gögnum þar að lútandi til Tryggingastofnunar ríkisins.

6. gr.

Ekki er heimilt að greiða maka- eða umönnunarbætur á sama tíma og greidd er frekari uppbót á lífeyri vegna mikils umönnunarkostnaðar.

7. gr.

Sækja skal um bætur samkvæmt reglum þessum hjá Tryggingastofnun ríkisins og skulu umsóknir vera á eyðublöðum stofnunarinnar eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar. Umsækjanda er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um veitingu bóta.

Um umsóknir og framkvæmd að öðru leyti fer skv. 47. og 48. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 31. maí 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
		kg	%	kr./kg
Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulíð 1602:		86.000		
1602.1001 Blönduð matv. meira en 60% af kjöti	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.07.02 - 30.06.03	-	0	102
1602.2011 Meira en 60% af dýralífur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralífur	01.07.02 - 30.06.03	-	0	142
1602.2019 Annað	01.07.02 - 30.06.03	-	0	44